

AUGLÝSING

um umferð í Egilsstaðahreppi.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 26 2. maí 1958, hefur ráðuneytið ákveðið, að Austurlandsvegur milli Lagarfljótsbrúar og Egilsstaðakauptúns, skuli vera aðalbraut gagnvart vegi frá Egilsstaðaflugvelli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 29. júlí 1965.

F. h. r.

Baldur Möller.

Ólafur. W. Stefánsson.

Nr. 165.

9. ágúst 1965.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Siglufjarðar.

I. RAFORKA

Rafveita Siglufjarðar selur raforku á orkuveitusvæði sínu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing.

- 1.1 Um kWst.-mæli á 470 aura hverja kWst.
- 1.2 Um kWst.-mæli á 235 aura hverja kWst. auk fastagjalds af gólfleti í rúmi því er lýsa skal og reiknist fastagjald þannig:
 - a) fyrir verzlunir, vinnustofur, skrifstofur 170 aura á m² á mánuði,
 - b) fyrir geymslur, ganga, verbúðir 85 aura á m² á mánuði.

2. Almenn heimilisnotkun.

2.1 Um kWst.-mæli á 105 aura hverja kWst., auk fastagjalds af gólfleti er nemi 85 aurum af m² af gólfleti íbúðarinnar.

Við ákvörðun á gólfleti íbúðar reiknast öll íveruherbergi, eldhús, gangar og baðherbergi, en ekki geymslur og þvottahús. Íveruherbergi, sem um stundarsakir standa auð, eða eru notuð sem geymslur, skal reikna sem íbúðarherbergi. Tekið skal tillit til, ef um súðarherbergi eða þ. u. l. er að ræða.

2.2 Til heimila, sjúkrahúsa, skóla, gisti- og veitingahúsa má selja raforku til suðu á 120 aura hverja kWst., enda séu suðutæki fasttengd og öll önnur notkun seld eftir liðum 11 og 12.

3. Vélanotkun.

- 3.1 Um kWst.-mæli á 2.35 aura hverja kWst.
- 3.2 Um afl- og orkumæla (mestaafismæla) þannig reiknað:
 - 3.21 Aflgjald: kr. 800.00 á kW á ári.
 - 3.22 Orkjugjald: 45 aurar á kWst. af allri notkun.
- 3.3 Ef um mikla orkunotkun er að ræða, svo sem til frystihúsa, og kaupandinn skuldbindur sig að kaupa 20 000 kWst. á ári hið minnsta, má selja orkuna um kWst.-mæli þannig: